

Annáll haustannar 2019 við Fjölbrautaskóla Vesturlands

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur föstudaginn 16. ágúst. Regluleg kennsla hófst svo mánudaginn 19. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 29. nóvember en þá tóku námsmatsdagar við. Önninni lýkur í dag, þann 20. desember, þegar aðstoðarskólameistari brautskráir frá skólanum þá 65 nemendur sem nú ljúka námi og í framhaldinu slítur þessari samkomu.

Í upphafi annar voru 480 nemendur skráðir í skólann. Fullorðnir nemendur voru 77 eða gerir 16% nemenda við skólann. Þeir stunda nám utan hefðbundins dagvinnutíma, svokallað dreifnám, sem er á sjúkraliðabraut, í húsasmíði og í vélvirkjun.

Hlutfall karla og kvenna í nemendahópnum skiptist þannig að 57% voru karlar og 43% konur. Á stúdentsbrautum og í sjúkraliðanámi voru konur í meirihluta en karlar í meirihluta í iðnnámi.

Nemendafélagið NFFA hefur verið öflugt eins og jafnan áður. Forseti félagsins er Björgvin Þór Þórarinsson og með honum störfuðu Eyrún Sigbórsdóttir, Maron Snær Harðarson, Oddný Guðmundsdóttir, Gylfi Karlsson og Róbert Máni Gunnarsson.

Í forsvari fyrir klúbba á vegum nemendafélagsins á þessu skólaári eru Garðar Snær Bragason fyrir Leiklistarklúbb; Brynhildur Traustadóttir, Freyja María Sigurjónsdóttir og Oddný Guðmundsdóttir fyrir Góðgerðarfélagið Eyni; Oskar Wasilewski og Sóley Brynjarsdóttir fyrir Íþróttaklúbb, Kristján Steinn Matthíasson fyrir tónlistarklúbb, Sóley Brynjarsdóttir fyrir femínistafélagið Bríeti og Jón Hjörvar Valgarðsson fyrir viskuklúbbinn. Þá gegnir Björgvin Þór Þórarinsson hlutverki tengiliðs nemendafélagsins við Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Það má segja að skólastarf haustannar hafi verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á nýnemadegi hér í skólanum þann 16. ágúst og ferð nýnema í Lundarreykjadal viku síðar. Nýnemar áttu ánægjulega samveru þar ásamt stjórn nemendafélagsins og fararstjórum úr hópi starfsfólks.

Í ágúst var endurnýjaður samningur skólans við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um heilbrigðisþjónustu fyrir nemendur skólans á yfirstandandi skólaári.

Kynningafundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema var haldinn að venju í september.

Forvarnardagurinn var haldinn í fjórtánda sinn þann 2. október. Af því tilefni skipulagði heilsueflingarteymi sem samanstendur af fulltrúum starfsfólks og nemenda, ýmsa viðburði alla þá viku og segja má að dagskráin hafi verið fjölbreytt. Meðal annars var boðið upp á jóga og slökun á sal, heilsufarsmælingar, næringarráðgjöf, ávexti og engiferskot, fyrirlestur um hollustuhætti, tíma í nútíttund, fimleikakvöld, eltingaleik um skólann og fleira. Á þessari önn fór heilsueflingarteymið einnig yfir lýðheilsuvísa frá Embætti Landlæknis þar sem metnir eru þættir sem hafa áhrif á heilsu og líðan í skólaumhverfinu. Úrvinnslan er svo framundan.

Tæknimessa var haldin í skólanum þann 10. október, í þriðja sinn frá árinu 2016. Um 700 grunnskólanemar af öllu Vesturlandi komu í heimsókn til okkar til að kynna sér námsframboð á sviði iðngreina og atvinnutækifæri hjá iðn- og tæknifyrirtækjum í landshlutanum. Það var því líf og fjör í FVA þennan dag og vel tókst til með messuna.

Um miðjan október afhenti Rafiðnaðarsambandið nýnemum á rafvirkjabraut spjaldtölvu að gjöf til að geta nálgast rafrænt gjaldfrjálst námsefni hjá Rafmennt, fræðslusetri rafiðnaðarins.

Nemendur í Berlínaráfanga fóru í ferð til Berlínar undir leiðsögn tveggja kennara.

Þann 15. október tóku nemendur þátt í WestSide sem er keppni milli framhaldsskóla á Vesturlandi. Var viðburðurinn haldinn í Borgarnesi að þessu sinni.

Skammhlaup fór fram 31. október en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í nokkur lið sem keppa í hinum ýmsu greinum, svo sem stærðfræði, að leggja á borð, myndlist, boðhlaupi og dönsku. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðsstjórar og stjórnunðu þau sínu fólki af röggsemi.

Árlega er 8. nóvember helgaður baráttunni gegn einelti. Í tilefni dagsins á þessu hausti sá forvarnarteymi skólans í samvinnu við nemendafélagið um að hengja upp spjöld á vegg skólans til að minna á baráttuna og einnig var sett upp spjald í matsalnum þar sem starfsfólk og nemendur gátu stimplað fingrafar sitt til að staðfesta samstöðu sína gegn einelti. Nemendur í uppeldisfræði unnu einnig plaköt til að minna á hversu miklu máli það skiptir að koma vel fram hvert við annað.

Þá fór hópur 15 nemenda ásamt tveimur kennurum til Finnlands í nóvember. Ferðin var farin í tengslum við þátttöku í norrænu samstarfsverkefni sem snýst um kynningu á skólakerfum Finnlands, Íslands og Litháen. Okkar nemendur kynntu FVA og íslenska skólakerfið. Ferðin var mjög vel heppnuð og nemendur FVA til fyrirmyndar eins og ávallt.

Femínistafélagið Bríet fékk Sólborgu Guðmundsdóttur til að halda fyrirlestur á sal og svara spurningum nemenda en hún er fulltrúi instagramsíðunnar Fávitar sem stendur fyrir átaki gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi.

Ýmsir fleiri viðburðir voru á önninni, s.s. dansleikir, LAN-kvöld og kvikmyndakvöld.

Nokkrir nemendur í efstu áföngum í eðlis-, efna- og stærðfræði sinntu jafningjafræðslu nokkrar stundir í viku fyrir aðra nemendur.

Tveir kennarar ásamt nemendum leiða umhverfishóp skólans og hafa þau haldið umhverfismálum á lofti. Nýverið var t.d. haldinn nytjamarkaður hér á sal og nemendafélagið hefur staðið fyrir sölu á fjölnota vatnsflöskum til nemenda og starfsfólks.

Að þessu sögðu óska ég ykkur sem útskrifast frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Nú munu þau Ragna Benedikta Steingrímsdóttir og Guðjón Snær Magnússon flytja lagið On the Sunny side of the Street eftir Fats Woller.

Jónína Halla Víglundsdóttir